

ureyri, þar sem hann fer þess á leit, að amtið á þann hátt, sem því þykir bezt við eiga, gjöri tilraun til, að lögregluþjónn verði skipaður á Akureyri, er sje um leið fangavörður við hegningarhúsið þar í bænum, og látið þjer það álit í ljósi að óskilegt sje að skipa slíkan mann, og að laun hans sjeu hæfilega metin 150 krónur árlega, eins og bæjarfógetinn hefur lagt til.

Fyrir því skal yður til þóknanlegrar leiðbeiningar tjáð, að eins og jeg fæ ekki betur sjeð, en að þjer herra amtmáður hafði myndugleika til sjálfir að skipa slíkan sýslunnarmann sem þann, er hjer getur um, eins verða laun hans að vera komin undir ákvörðun bæjarstjórnarinnar á Akureyri og amtráðs norður- og austurumdæmisins.

Skyldi bæjarsjóðurinn, sem útgjöldin til lögreglu-eptirlitsins í bænum hvila á, og amtsjóðurinn, sem greiða á úr gjöldin til fangahússins, móti von eigi vera færir um að greiða þau gjöld, sem hjer er um að ræða, verður að leita styrks í þessu tilliti til fjárveitingarvalds landsins.

Erindi bæjarfógetans endursendist.

Brjef landshöfðingja (til stiptyfirvaldanna).

Þá er rætt var síðastliðið sumar í nedri deild alþingis um frumvarp, sem þar hafði verið horið upp, um fjölgun ölmusanna við prestaskólaun, var tekið fram af hinum 1. þingmanni Kjósar- og Gullbringusýslu, að síðast liðin ár hefði við gengizt ekki lítil óregla meðal stúdenta við menntunarstofnanirnar hjer í bænum, og að óskilegt væri og nauðsynlegt, að kennendur og tilsjónarmenn stúdenta reyndu með sterkara eptirliti að ráða bœtur á þessu.

Þó jeg þykist mega ganga að því sem visu, að bæði hin háttvirtu stiptyfirvöld og kennendur stúdenta hafi látið sjer það umhugað, að hafa eptirlit bæði með iðni stúdenta og siðferði þeirra, og einkum sjeð um, að þeir eigi legðust í drykkjuskap og aðra slíka óreglu, hafa nefnd ummæli varla getað komið fram á alþingi svo, að ekki hafi verið einhver átylla fyrir þeim. Jeg hef þessvegna fundið mjer skylt af því, sem þannig hefur verið sagt á alþingi, að leiða athygli stiptyfirvaldanna að því, hve nauðsynlegt það sje að hafa sterkt eptirlit með iðni og siðgæði stúdenta, bæði á prestaskólanum og við kennslu þá í læknisfræði, er hjer er stofnuð, og sjer í lagi að eigi verði veittur stúdentum þeim, sem ekki sýna lofsvert framferði í þessu tilliti, nokkur sá styrkur, sem ætlaður er maklegum og fátækum stúdentum, og að styrkurinn, ef hann er greiddur fyrir lok skólaársins veitist með því skilyrði, að stúdentinn hegði sjer svo á árinu, að eigi verði með rjetti fundið neitt að siðgæði hans og iðni.

Hvað sjer í lagi snertir drykkjuskap, virðist mjer það fullkomlega samsvarandi anda og ætlunarverki nefndra menntunarstofnana, að hlutadeiganda stúdentu, sem þrátt fyrir alvarlega viðvörun kennaranna í þessu tilliti eigi bœtir ráð sitt, verði vísað burt frá kennslunni, og ber, meðan hann getur ekki bælt niður þessa ástriðu, að álíta hann ekki maklegan þess, að taka þátt í kennslu þeirri, sem landssjóðurinn kostar, að eins til þess að útvega landinu ágúlega og siðferðisgóða embættismenn.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Með þessu brjefi fjellst landshöfðingi á, að loptið í fangahúsi Stykkishólms yrði notað sem þinghús af Helgafellssveit; en fal það ákvörðun amtsráðs vesturumdæmisins,

68
25ta
septbr.

69
25ta
septbr.

70
27da
septbr.

1875

70 hvort hreppurinn ætti að greiða jafnaðarsjóðnum leigu fyrir þessa notkun, eða hverjum
27da öðrum nánari skilyrðum hún ætti að vera bundin.
septbr.

71
13da
október.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdöminu).

Lagt var fyrir amtmanninn að sjá um, að póstsendingavog með lóðum, er útveg-
uð hafði verið handa amtmannsembættinu og brjefavog með lóðum, sem keypt hafði verið
handa sýslumannsembættinu í Rangárvallasýslu, framvegis fylgi nefndum embættum.

72
14da
október.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdöminu).

Með brjefi frá 7. þ. m. hafð þjer herra amtmaður sent mjer skoðunargjörð um
skemmdir á umboðsjörðunni Eystri-Lyngum, og jafnframt því getið þess, að þjer, þá er
þjer skoðuðuð umboðsjarðirnar í Skaptafellssýslu, hafð einnig kynnt yður ástand jarðar
þessarar, og þá ekki sjeð betur en, að hún naumast gæti heitið byggileg, þar sem sand-
ágangurinn væri svo að segja gjörsamlega búinn að eyðileggja túnið, eins og útheysslægj-
ur og hagar einnig væru mjög illa útleiknir af hinum sömu skemmdum, og af því að
nokkuð af landinu lægi undir vatni, er ekki gæti fengið afrennsli vegna þess, að sand-
hrannirnar hækkuðu landið upp að framan. Þjer hafð því samkvæmt tillögum umboðs-
mannsins yfir Þykkvabæjarklaustursjörðum mælt fram með, að landsetanum á jörð þessari,
Ólafi Sveinssyni, sem með brjefi dómsmálastjórnarinnar frá 24. febr. f. á., var veitt til far-
daga 1876 20 álna linun í landskuld sinni, verði nú frá næstu fardögum veitt ennfremur
10 álna linun, svo að landskuldin sem áður var 60 álnir, verði nú 30 álnir, að hálfu
goldnar eptir meðalverði og að hálfu með 16 aorum fyrir hverja alin, en að þar á móti
þau 2 kúgildi, sem eru á jörðunni, verði látin halda sjer og eptir þau goldnar fullar
leigur.

Af þessu tilefni skal yður tjáð til leiðbeiningar og birtingar, að jeg eptir mála-
vöxtum leyfi, að landskuldarlínun sú, sem þjer hafð stungið upp á, veitist greindum leigu-
líða um þrjú ár frá fardögum 1876.

73
14da
október.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdöminu).

Með brjefi frá 7. þ. m. senduð þjer, herra amtmaður tillögur umboðsmanns
Þykkvabæjarklaustursjarða um, að neðan nefndum ábúöndum á nokkrum jörðum, er liggja
undir nefnt umbod, verði veitt þóknun fyrir að hafa mokað burt af túnum ábylisjarða
sinna sandi, er á þau f auk síðastliðinn vetur:

1. Stefáni Einarssyni á Þykkvabæjarklaustri 18 álnir, helmingur eptir meðalverði og
helmingur með 16 aorum fyrir hverja alin, fyrir að hafa unnið 18 dagsverk.
2. Sigurði Nikulássyni samastaðar 30 álnir, reiknaðar á sama hátt, fyrir að hafa unnið
30 dagsverk.
3. Jóni Andrjessyni í Þykkvabæjarklausturshjáleigu 8 álnir, reiknaðar á sama hátt, fyrir
að hafa unnið 8 dagsverk,
4. Stefáni Höskuldssyni á Sandhúsnesi 30 álnir, reiknaðar á sama hátt, fyrir að hafa
unnið 31 dagsverk.

Þjer hafð mælt fram með þessum tillögum, af því, að hjer að eins sje að røða um
lítilfjörlega þóknun, en engan veginn verulega borgun, fyrir verk þau, er ábúendurnir